



Námskrá haustönn 2013

Efnisyfirlit

Ágætu Eyfirðingar	3
Um SÍMEY	4
Starfsmenn SÍMEY	5
Námskeið	6-28
Listfræðslan	
– fræðslusetur listgreina á Akureyri	9
HELP	
– Nýjung í enskukennslu fyrir lesblinda	29
Stutt starfstengd námskeið í boði fyrir fyrirtæki	30

Námskrá haustönn 2013

Útgefandi:

SÍMEY · www.simey.is

Pórsstíg 4 · 600 Akureyri

Ábyrgðarmaður:

Erla Björg Guðmundsdóttir

Prentvinnsla:

Ásprent · www.asprent.is

Myndir:

Ýmsir

Ágætu Eyfirðingar

Hér hafið þið í höndunum námskrá SÍMEY fyrir haustönn 2013.

Miðstöðin er nú á sínu fjórtánda starfsári og Eyfirðingar hafa verið duglegir að nýta þjónustu hennar, svo starfsemin hefur vaxið og dafnað með hverju árinu. SÍMEY er m.a. ætlað að stuðla að því að einstaklingar á Eyjafjarðarsvæðinu hafi aðgang að hagnýtri þekkingu á öllum skólastigum og það er gaman að segja frá því að á síðasta ári nýttu tæplega 2.700 einstaklingar sér þjónustu okkar. Sá þátttakendafjöldi samsvarar um 14,6% íbúa starfssvæðisins á aldrinum 17 til 95 ára.

Þessari námskrá er ætlað að gefa íbúum svæðisins nokkra yfirsýn yfir þá símenntun sem hér er í boði en jafnframt má finna upplýsingar um öll námskeið á vegum SÍMEY á heimasíðu okkar: www.simey.is Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar sem á kunna að verða og að næg þátttaka náist. Flest námskeiðanna miðast við átta manna lágmarksþátttöku og 15-20 manna hámarksþátttöku.

Verð á námskeiðunum kemur fram í hverri námskeiðslýsingu og gert er ráð fyrir að námskeiðsgjaldið sé greitt í fyrsta tíma nema annað sé tekið fram.

Það er von okkar hjá miðstöðinni að allir muni geta fundið eitthvað við sitt hæfi en ef svo vill til að draumanámskeiðið ykkar er ekki að finna í þessari námskrá hvetjum við ykkur eindregið til að hafa samband við okkur því við erum alltaf að leita að góðum hugmyndum.

Náms- og starfsráðgjöf

Fyrir þá sem hafa áhuga á að efla sig með frekara námi, en eru kannski ekki vissir um hvar sé best að byrja, bendum við á þjónustu náms- og starfsráðgjafa miðstöðvarinnar. Allir geta pantað viðtal sér að kostnaðarlausu og fengið aðstoð við að fóta sig og ákveða næstu skref.

Með bestu kveðjum og von um kröftuga þátttöku í símenntun.

Erla Björg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri SÍMEY.

PS: Ekki gleyma að kanna möguleikana á styrkjum hjá stéttarfélögum ykkar og fræðslusjóðum!

Um SÍMEY

Dagleg starfsemi felur m.a. í sér umsjón með námskeiðum og þjónustu við námskeið sem eru í gangi, kynningar á starfsemi og símenntunarframboði SÍMEY, miðlun náms og námskeiða annarra fræðsluaðila, m.a. á framhalds- og háskólastigi, skipulagningu, hönnun og þróun nýrra námskeiða, samskipti og þjónustu við fræðsluaðila, ráðgjöf, s.s. náms- og starfsráðgjöf og Markvissfyrirtækjaráðgjöf, umsjón með fyrirtækjaskólum, raunfærnimat, upplýsingamiðlun í gegnum heimasíðu miðstöðvarinnar og samfélagsmiðla á borð við Facebook, innslátt og úrvinnslu gagna í nemendabókhalda SÍMEY og ýmis sérverkefni.

Í stjórn SÍMEY eiga sæti sjö fulltrúar, sem tilnefndir eru af menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum, Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð.

Hjá SÍMEY starfa 13 starfsmenn í 11 starfsgildum. Framkvæmdastjóri, bókarari, ritarar, húsumsjónarmaður, tæknimaður, verkefnastjórari, náms- og starfsráðgjafar.

Til viðbótar við fasta starfsmenn SÍMEY koma um 120 verktakar að starfseminni sem kennarar, leiðbeinendur og ráðgjafar.

SÍMEY er í samstarfi við Dalvíkurbyggð og heldur úti starfsemi í Námsverinu á Dalvík þar sem eru tvær kennslustofur og skrifstofa verkefnastjóra. Á Ólafsfirði og Siglufirði er verkefnastjóri með reglulega viðveru í aðstöðu annars vegar á vegum Fjallabyggðar og hins vegar Einingar-Iðju.

Á Akureyri fer starfsemi miðstöðvarinnar fram að Þórsstíg 4 þar sem eru níu skrifstofur, 8 kennslustofur, afgreiðsla, fullbúið eldhús og kaffitorg þar sem nemendur geta sest niður og lært eða haft það huggulegt.

Gildin sem SÍMEY starfar samkvæmt eru: *Tækifæri, styrkur, traust og sveigjanleiki.*

SÍMEY er með samning við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, sem gengur út á að bjóða upp á vottaðar námsleiðir, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, þróunarverkefni o.fl. Meginmarkmiðið með verkefnum þessum er að veita fólki á vinnumarkaði og atvinnuleitendum með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

SÍMEY er með EQM (European Quality Mark) gæðavottun sem staðfestir að starfsemi miðstöðvarinnar stenst evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfsemi. EQM gæðavottunarferlið er byggt á viðurkenndum samevrópskum gæðaviðmiðum fyrir fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu og á tveimur grundvallaraðferðum gæðastjórnunar, sjálfsmati og eftirliti.

SÍMEY er með samstarfssamning við Fjölmenn, full-



Húsnæði SÍMEY að Þórsstíg 4 Akureyri.

orðinsfræðslu fatlaðra, sem felur í sér að miðstöðin skipuleggur og heldur utan um námskeiðahald fyrir hópinn á starfssvæði sínu. Flest af námskeiðum Fjölmennar eru tómskundnámskeið, eins og textílhönnun, dans, leikfangasmíð o.fl. Einnig er boðið uppá námskeið í matreiðslu, lestri, tölvum og námskeið tengd líkamsrækt og hreyfingu. Flest námskeiðin standa í fjórar til sex vikur í senn en lengstu námskeiðin spanna 12 vikur.

SÍMEY er í góðu samstarfi við Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs að halda úti „Háskólabrú“ á Akureyri. Háskólabrú tekur um eitt ár og verða umsækjendur að hafa lokið a.m.k. 70 framhaldsskólæiningum og þar af 6 einingum í íslensku, ensku og stærðfræði. Að Háskólabrú lokinni geta nemendur sótt um inngöngu í háskóla héraendis og erlendis en þess ber að geta að Háskóli Íslands gerir þær kröfur að nemendur á Háskólabrú séu orðnir 25 ára er þeir sækja um nám í HÍ. Kennsluhættir á Háskólabrú miða við þarfir fullorðinna nemenda, miklar kröfur eru gerðar um sjálfstæði í vinnubrögðum og eru raunhæf verkefni lögð fyrir.

SÍMEY tekur á hverju ári þátt í erlendum samstarfsverkefnum og um þessar mundir stendur yfir Nordplus verkefnið „Digital north“, sem snýr að því að því að efla og bæta fjarkennslu í símenntunarmiðstöðvum á Norðurlöndum.

Hjá SÍMEY eru haldin á bilinu 160-190 námskeið á hverju ári í fimm flokkum.

- *Námsleiðir FA*, sem eins og nafnið gefur til kynna eru allar vottaðar námskrár frá Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins.
- *Fjölmenn*, sem eru námskeið á vegum fullorðinsfræðslu fatlaðra.
- *Starfstengd námskeið og persónuhæfni* er flokkur sem telur námskeið sem annars vegar er ætlað að efla einstaklinga faglega í starfi t.d. stjórnendur,

Starfsmenn SÍMEY



Erla Björg
Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri



H. Betty
Kristjánsdóttir
Náms- og starfsráð-
gjafi og verkefnastjóri



Kristjana
Friðriksdóttir
Ritari



Sigrún Björnsdóttir
Bókari



Heimir Haraldsson
Náms- og
starfsráðgjafi og
verkefnastjóri



Sóley
Guðmundsdóttir
Ritari



Helgi Kristinsson
Húsumsjón



Valgeir Magnússon
Náms- og starfs-
ráðgjafi og
verkefnastjóri



Helgi P. Svavarsson
Ráðgjafi, verkefna-
og gæðastjóri



Agnar Árnason
Tæknimaður



Emil Bjarkar Björnsson.
Náms- og starfsráð-
gjafi og verkefna-
stjóri á Dalvík



Kristín B.
Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri og
ráðgjafi



Arnþrúður Eik
Helgadóttir
Verkefnastjóri
Fjölmenntar

starfsfólk í félagsþjónustu, skrifstofufólk o.s.frv. og hins vegar námskeið sem miða að því að styrkja og efla einstaklinginn sem persónu.

- Íslenska fyrir útlendinga
- Tímstundanámskeið

Einstaklingum sem nýta þjónustu SÍMEY, með einum eða öðrum hætti hefur fjölgað ár frá ári og töldu 2.657 árið 2012. Langsamlega flestir eru þátttakendur á námskeiðum en auk þess einstaklingar sem nýta sér náms- og starfsráðgjöf miðstöðvarinnar eða fara í raunfærnimat.

Talsverður kynjahalli er á hópi viðskiptavina SÍMEY. Konur eru 74% þátttakenda og karlar ekki nema 26% þrátt fyrir viðleitni starfsmanna til að bjóða upp á sem fjölbreyttust námskeið, fyrir alla og sér fyrir konur og karla. Verkefnið að verða hluti af heild hefur mikil áhrif á kynjahlutfallið en ófaglært starfsfólk grunnskólanna, sem sótti námskeið hjá SÍMEY voru samtals 660 einstaklingar og þar af tæplega 500 konur.

Stjórn og starfsmönnum SÍMEY er afar hugleikið að standa vörð um sveigjanleika og aðlögunarhæfni miðstöðvarinnar svo stærð hennar og áframhaldandi vöxtur bitni hvorki á getunni né viljanum til þess að mæta hverjum einstaklingi þar sem hann er staddur. Unnið er með það að leiðarljósi að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hjá SÍMEY og að hækka menntunarstig í Eyjafirði, einstaklingum og atvinnulífi á svæðinu til hagsbóta.

Náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum

Viltu ráðleggingar sérþjálfara ráðgjafa við val á námsleiðum? SÍMEY býður upp á náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum, starfsmönnum og fyrir-tækjum að kostnaðarlausu.

Markmið:

Hvetja starfsmenn til virkrar símenntunar.

Skoða möguleika á færniþróun í starfi eða einkalífi.

Veita einstaklingsmiðaða aðstoð við val á námsleiðum.

Skoða möguleika á styrkumsóknum. Veita aðstoð við að setja sér markmið í námi og starfi.

Með því að fá náms- og starfsráðgjafa í heimsókn á vinnustað geta fyrirtæki stuðlað að frekari símenntun starfsmanna, aukinni starfsánægju og árangursríkari starfsþróun.

Frekari upplýsingar á heimasíðunni www.simey.is og í síma 460 5720.

Menntastoðir dagnám

Menntastoðir er tilvalin námsleið fyrir þá sem vilja hefja nám á ný og ná sér í grunnfögin í framhaldsskóla. Markmið Menntastoða er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni.

Námsþættir: Lífsleikni 102 og 201, Námsækni 102, Upplýsingatækni 103, Íslenska 103 og 203, Stærðfræði 102, 122 og 262, Danska 102, Enska 103 og 203.

Kennsluhættir: Kennsluhættir Menntastoða miða við þarfir fullorðinna nemenda og leitast er við að veita nemendum góða þjónustu. Þannig skipa sjálfsefling, námsækni og hópefli stóran þátt í skólalastarfinu. Hluti kennslu í Menntastoðum byggist á tölvum og því kostur að nemendur hafi aðgang að tölvu á námsstímanum. Þeir nemendur sem ljúka námi í Menntastoðum eiga kost á því að sækja um nám í Háskólabrú Keilis. Námið er metið sem 50 einingar inn í Háskólabrú Keilis. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið Menntastoðir til eininga hjá sér.

Námsmat: Símat og próf

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Alla virka daga kl. 08:30 – 16:00. Hefst 26. ágúst og lýkur 14. desember 2013

Verð: 25.000 kr.

Menntastoðir síðdegisnám 2013-2014

Menntastoðir er tilvalin námsleið fyrir þá sem vilja hefja nám á ný og ná sér í grunnfögin í framhaldsskóla. Markmið Menntastoða er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni.

Námsþættir: Lífsleikni 102 og 201, Námsækni 102, Upplýsingatækni 103, Íslenska 103 og 203, Stærðfræði 102, 122 og 262, Danska 102, Enska 103 og 203.

Kennsluhættir: Kennsluhættir Menntastoða miða við þarfir fullorðinna nemenda og leitast er við að veita nemendum góða þjónustu. Þannig skipa sjálfsefling, námsækni og hópefli stóran þátt í skólalastarfinu. Hluti kennslu í Menntastoðum byggist á tölvum og því kostur að nemendur hafi aðgang að tölvu á námsstímanum.

Þeir nemendur sem ljúka námi í Menntastoðum eiga kost á því að sækja um nám í Háskólabrú Keilis. Námið er metið sem 50 einingar inn í Háskólabrú Keilis. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að framhaldsskólar geti metið Menntastoðir til eininga hjá sér.

Námsmat: Símat og próf

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga, fimmtudaga kl. 16:00 – 19:00 og annan hvern laugardag kl. 09:00 – 15:00. Hefst 26. ágúst 2013 og lýkur í maí 2014

Verð: 25.000 kr.

Skapandi ljósmyndun I

Grunnatriði í ljósmyndataekni og myndbyggingu með áherslu á hagnýt atriði fyrir þá sem hafa ljósmyndun sem áhugamál eða vilja betri myndir í fjölskyldualbúmið. Tekist á við krefjandi verkefni í samráði við hópinn bæði innandyrna sem utan og fjallað lítillaga um myndvinnslu og varðveislu mynda.

Lengd: 12 klst.

Námsmarkmið: Að nemandinn kynnist ýmsum tegundum ljósmynda

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Daníel Starrason

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudaga 4. sept.- 25. sept.

Verð: 20.000 kr.

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum – Síðdegisnám – 2 annir

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum er einkum ætlað þeim sem eru að minnsta kosti 20 ára, eru starfandi á vinnumarkaði og hafa hafið nám á framhaldsskólastigi en ekki lokið almennum bóklegum greinum með prófi til brautskráningar úr framhaldsskóla.

Námið hefur hliðsjón af greinanámskrám Aðalnámskrár framhaldsskóla í íslensku, tungumálum, stærðfræði og lífsleikni en með sérstakri áherslu á mismunandi námsnálgun námsmanna og samþættingu námsþátta. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi þessa námsleið til styttingar á námi í framhaldsskóla allt að 16 einingum en vekur athygli á því að mat á fyrra námi nemenda er á ábyrgð skólameistara viðkomandi framhaldsskóla.

Námsþættir: Námsækni, Sjálfsþekking og samskipti, Íslenska 102, Danska 102, Enska 102, Stærðfræði 102 og 122.

Námsmat: Námsmat fer fram með símati. Meðaltal einkunna fyrir verkefni ræður lokaeinkunn í hverju fagi. Krafist er 90% mætingar.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaga og miðvikudaga, kl. 17:00-20:00. Hefst 2. sept. 2013 og lýkur í maí 2014

Verð: 56.000 kr.

Félagsliðabré, síðdegisnám

Nám og kennsla á félagsliðabré fer fram seinniparts dags. Námið er skipulagt fyrir einstaklinga sem eru orðnir 22ja ára og hafa a.m.k. 3ja ára starfsreynslu af viðeigandi starfsviði. Að auki þurfa þeir að hafa lokið starfstengdum námskeiðum á vegum stéttarféлага, sveitarféлага eða annarra aðila sem sjá um námskeiðahald. Umfang námskeiða þarf að vera 220-230 stundir og skal það teljast jafngilda um 17 einingum af sérgreinum félagsliðabrautar. Formlegt nám við framhaldsskóla er metið í samræmi við ákvæði aðalnámskrár framhaldsskóla sé það sambærilegt við það nám sem er í boði á brúnni. Innihald námsins er félags-, sál- og uppeldisgreinar sem og sérgreinar á sviði fötlunar og öldrunarþjónustu. Sérhæfingin er sjö einingar á hvoru sviði og geta nemendur tekið bæði sviðin ef þeir kjósa. Nemendur sem ljúka félagsliðabré hljóta starfsheitið félagsliði.

Námsþættir: Aðstoð og umönnun 104, Félagsfræði 103, Félagsleg virkni 102, Fjölskyldan og félagsleg þjónusta 103, Heilbrigðisfræði 103, Lyfjafræði fyrir félagsliða 113, Næringarfræði 103, Sálfræði 203, Skyndihjálp 101.

Valgreinar: Öldrunarferli 103 og 202, Samfélagsþjónusta aldraðra 102, EÐA Fötlun 103, Fötlun og samfélag 104.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Félagsliðabré er kennd á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 og einstaka föstudaga. Námið hefst 2. september og lýkur vorið 2015. Námið er 4 annir.

Verð: 22.500 kr. önnin

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré, síðdegisnám

Vinnur þú í leikskóla eða grunnskóla? Viltu auka færni þína?

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré er ætluð þeim sem starfa í leik- og grunnskólum. Nemendur þurfa að vera orðnir 22ja ára, hafa lokið 230 kennslustunda starfstengdum námskeiðum eða sambærilegu námi og hafa að baki að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu af störfum úr leik- eða grunnskóla við uppeldi, umönnun og menntun barna. Nemendur sem ljúka leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré hljóta starfsheitin leikskólaliði og stuðningsfulltrúi.

Lengd: Um 50 eininga nám á framhaldsskólastigi. Námið er 4 annir.

Námsþættir: Fötun 103, Hegðun og atferlismótun 103, Leikur sem náms- og þroskaleið, Íslenskar barnabókmenntur 633, Listir og skapandi starf 103, Samskipti og samstarf 103, Sálfræði 203, Siðfræði 102, Skyndihjálp 101, Uppeldisfræði 103 og 203, Proski og hreyfing, Kennslustofan og nemandinn.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4 Akureyri

Hvenær: Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré er kennd á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 og einstaka föstudaga. Námið hefst 2. september og lýkur vor 2015. Námið er 4 annir.

Verð: 35.000 kr. önnin

NÝTT!!

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré við utanverðan Eyjafjörð, lotunám

Vinnur þú í leikskóla eða grunnskóla? Viltu auka færni þína?

Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré er ætluð þeim sem starfa í leik- og grunnskólum. Nemendur þurfa vera orðnir 22ja ára, hafa lokið 230 kennslustunda starfstengdum námskeiðum eða sambærilegu námi og hafa að baki að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu af störfum við leik- eða grunnskóla við uppeldi, umönnun og menntun barna. Nemendur sem ljúka leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré hljóta starfsheitin leikskólaliði og stuðningsfulltrúi.

Lengd: Um 50 eininga nám á framhaldsskólastigi. Námið er 4 annir.

Námsþættir: Fötun 103, Hegðun og atferlismótun 103, Leikur sem náms- og þroskaleið, Íslenskar barnabókmenntur 633, Listir og skapandi starf 103, Samskipti og samstarf 103, Sálfræði 203, Siðfræði 102, Skyndihjálp 101, Uppeldisfræði 103 og 203, Proski og hreyfing, Kennslustofan og nemandinn

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: Í námsverinu á Dalvík og á Ólafsfirði.

Hvenær: Leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabré er kennd einu sinni í viku frá kl. 17:00- 21:00 og eina helgi í mánuði. Námið hefst í september og lýkur vorið 2015. Námið er 4 annir.

Verð: 35.000 kr. önnin

Samskipti foreldra og barna

Á námskeiðinu verður farið í ýmislegt sem snýr að uppeldi og árangursríkum samskiptum foreldra og barna. Sérstaklega verður farið yfir hvernig efla má æskilega hegðun, aðferðir til að fást við erfiða hegðun auk þess að skoða hvaða áhrif streita foreldra hefur á hegðun barna þeirra. Námskeiðið er ætlað öllum foreldrum sem vilja efla færni sína í foreldrahlutverkinu.

Lengd: 4 klst.

Námsmarkmið: Að efla samskipti foreldra og barna

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Eyrún Kristína Gunnarsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga 3. og 10. sept. kl. 20:00 – 22:00

Verð: 11.500 kr. ath. eitt verð fyrir báða foreldra

Listfræðslan – fræðslusetur listgreina á Akureyri

SÍMEY hefur hafið formlegt samstarf við Listfræðsluna ehf. fræðslusetur listgreina á Akureyri. Með þessu samstarfi verður hægt að bjóða upp á námsleiðir á sviði framhaldsfræðslu sem lúta að myndlist. Starfsfólk SÍMEY telur nauðsynlegt að bjóða uppá einingabært listnám innan fullorðinsfræðslunnar þar sem eftirspurnin hefur verið mikil.

Eigandi fyrirtækisins er Bryndís Arnardóttir (Billa). Hún hefur umsjón með daglegum rekstri ásamt kennslu. Þrátt fyrir að Listfræðslan sé að stíga sín fyrstu skref, þá er Billa enginn nýgræðingur í faginu. Hún hefur starfað sem kennari í 30 ár. Billa útskrifaðist úr málaradeild Myndlistaskólans á Akureyri 1986, hlaut framhaldsskóla kennsluréttindi 1992 og meistaraþrófsgráðu frá Háskólanum á Akureyri 2009. Samhliða kennslu hefur Billa starfað sem myndlistamaður í fjöldamörg ár og opnar hún sína átjándu einkasýningu, á bókasafni Háskólans á Akureyri, nú í haust.

Hugmyndin að Listfræðslunni kviknaði eftir að Billa kynntist nemendum SÍMEY og fann hversu ólíkar þarfir þeirra voru. Nemendur spurðu iðulega hvort ekki væri hægt að læra undirstöðuatriði í myndlist og má því segja að það sé þeim að þakka að farið var af stað með þetta verkefni.

Markmið Listfræðslunnar er m.a. að bjóða upp á listnám með áherslu á hugmyndavinnu, sköpun, teikningu og málun. Hvort sem um er að ræða undirbúning fyrir frekara nám, afþreyingu eða forvitni þá eru námsleiðir Listfræðslunnar við hæfi allra, áhugi er allt sem þarf.

Forkröfur náms hjá Listfræðslunni eru engar, en námsleiðirnar eru sérstaklega ætlaðar markhópi fullorðinsfræðslunnar. Billa segir alla geta lært að teikna, eftir þrjátíu ár í myndlistakennslu hafi hún ekki enn fengið til sín nemanda sem ekki hefur tekist að tileinka sér grunnatriði teikningar.

Auk þess að kynna sér vinnubrögð í hugmyndavinnu og skapandi starfi finna námsmenn fyrir sköpunargleðinni, sem á rætur sínar í eðlislægri forvitni og athafnaþrá. Það leiðir af sér nýjar uppgötvanir, eflir gagnrýna hugsun,



Bryndís Arnardóttir á vinnustofu sinni.

styrkir sjálfsmynd og opnar nýjar leiðir og möguleika í daglegu lífi.

Húsnæði Listfræðslunnar er staðsett á 2. hæð í Sunnuhlíð 12. Þar er afar hlýlegt og notalegt umhverfi, minnir meira á vinnustofu en kennslurými og því vel til þess fallið að styrkja og styðja sköpunarkraftinn.

Nemendahópar eru fámennir (10-12). Áhersla er lögð á að námsmenn finni sína persónulegu nálgun í umhverfinu, taki þátt í að móta það og styrkja sem sitt eigið menningarumhverfi.

Í lok námsleiðarinnar fá námsmenn tækifæri til þess að taka þá í undirbúningi sýningar og setja upp verk sín í Gallerí SÍMEY.

Starfsfólk SÍMEY óskar Billu til hamingju með Listfræðsluna. Óhætt er að segja að báðir aðilar hlakki mikið til að hefja samstarf á þessum nýja vettvangi.

Námskeið í vélritun

Þetta námskeið er ætlað öllum sem vilja læra vélritun á markvissan hátt. Lögð er áherslu á rétta fingrasetningu, hraða og öryggi við innslátt texta og talna. Nemendur skila heimaverkefnum til kennara á meðan á námskeiðinu stendur. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð.

Lengd: 15 klst.

Námsmarkmið: Læra fingrasetningu og auka hraða við innslátt texta

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Astrid Hafsteinsdóttir

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudaga 4. sept. - 11. des, kl. 20:00-21:00

Fimmtudaga 5. sept. - 12. des, kl. 17:00-18:00

Verð: 32.000 kr.

NÝTT!!

Grunnmenntaskólinn fyrir lesblinda, síðdegisnám

Grunnmenntaskólinn er ætlaður þeim sem eiga við skriftar- og lestrarörðugleika að stríða.

Í náminu er lögð áhersla á að þátttakendur læri ákveðna námstækni og eflist sem námsmenn og auki þar með sjálfstraust sitt. Farið er í grunnatriðin í íslensku, ensku, stærðfræði, upplýsingatækni, námstækni o.fl.

Í námsleiðinni verður einnig kennt námskeiðið, „Tölvunámskeið fyrir lesblinda“. Þátttakendur fá kynningu á verkfærum sem geta nýst lesblindum. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlast öryggi og færni í notkun helstu verkfæra sem í boði eru. Má þar nefna hugbúnað sem les af tölvuskjám, fylgiferri Windows (Office), upp-lestrarhugbúnað, tölvupóst, stafrænar myndavélar, hljóðupptökutæki og talgreini.

Enskukennslan fer fram í fimm manna hópum með það að markmiði að auka færni einstaklinga með lestrarörðugleika í lestri og ritun ensku og auðvelda þeim þar með enskunám innan menntastofnanna sem og þátttöku í hinu daglegu lífi sem í auknu mæli gerir ráð fyrir og krefst færni í ensku.

Námsmat: Engin próf eru tekin en námsmat fer fram með verkefnavinnu, æfingum og símati. Einstaklingsmiðuð kennsla.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 16:00 – 19:00. Hefst 10. sept. 2013 og lýkur í maí 2014

Verð: 56.000 kr.

Félagar FVSA

Nýtið ykkur styrki úr starfsmenntasjóði.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks niðurgreiðir allt nám og námskeið sem félagsmenn stunda, bæði starfstengt nám og tómstundanám.

Nánari upplýsingar um réttindi og fyrirkomulag fást á skrifstofu félagsins

Skipagötu 14, sími 455 1050 og á www.fvsa.is -

Fyrirspurnum einnig

svarað á fvsa@fvsa.is



Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri

Skipagötu 14 · 600 Akureyri · Sími 455 1050 · Fax 461 1694

Listasmiðja fyrir hádegi - Áhugi er allt sem þarf!

Megináhersla er lögð á að þátttakendur nái færni í grunnatriðum myndlistar og afli sér þekkingar og leikni með vinnu sinni. Þátttakendur efla skapandi hugsun og læra að fanga hugmyndir sínar sem þeir síðan útfæra á margvíslegan hátt. Þátttakendur kynnst einnig ýmsum aðferðum við framsetningu hugmynda sinna, notkun mismunandi áhalda og mikilvægi frágangs á myndverkum sínum. Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, verklegri vinnu, vettvangsheimsóknunum. Þátttakendur halda verkdagbók/skissubók á meðan á námskeiði stendur. Listasmiðja er ætluð einstaklingum 20 ára og eldri.

Lengd: 80 klst.

Kennari: Bryndís Arnardóttir (Billa) sem hefur áratuga reynslu af myndlistarkennslu ásamt því að starfa sem myndlistarmaður

Hvar: Kennsla fer fram í húsnæði Listfræðslunnar í Sunnuhlíð 12. Hámark 12 þátttakendur.

Hvenær: Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, 16. sept. – 30. okt. kl. 09:00-12:00.

Verð: 22.000 kr.

Málmsuða - Opín smiðja

SÍMEY býður upp á námskeið í málmsuðu. Nemandi sem hefur lokið smiðju í málmsuðu er fær um að sjóða samkvæmt verklýsingum og hefur þekkingu til að vinna sjálfstætt eftir suðuferilslýsingu. Einnig öðlast hann nægilega færni, leikni og öryggi í vinnubrögðum til að hann sé gjaldgengur á vinnumarkaði. Námskeiðið er byggt upp á fyrirlestrarformi og verklegri vinnu en auk þessa þurfa þátttakendur að halda verkdagbók á meðan á námskeiði stendur. Miðað er við að fagbókleg kennsla nemi að lágmarki 13 klukkustundum af 80 klukkustunda heildarnámstíma námsins. Námskeiðið er 80 klst. kennt seinniparta og um helgar. Námskeiðið hefst er næg þátttaka fæst.

Verð: 22.000 kr.

Nú er lag, ef þig hefur alltaf langað

Myndlistanámskeið

Um er að ræða námskeið í teikningu.

Farið verður í alhliða teikningu og greiningu grunnforma ásamt skyggingu hluta sem teiknaðir hafa verið með tilliti til rúmtaks og uppbyggingar.

Fyrirlestrar/verklegt

Lengd: 36 klst.

Námsmarkmið: Að nemendur dýpki skilning sinn á umhverfinu og tileinka sér ýmsar aðferðir til þess að setja fyrirmyndir og hugmyndir sínar fram á skapandi sjónrænan hátt.

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Bryndís Arnardóttir (Billa)

Hvar: Listfræðslan Sunnuhlíð 12

Hvenær: Mánudaga og miðvikudaga kl. 18:00-21:00, hefst 16. sept.

Verð: 57.500 kr.

Íslenska fyrir útlendinga

SÍMEY býður upp á fjölbreytt námskeið í íslensku fyrir útlendinga á Akureyri, Dalvík og í Fjallabyggð. Um er að ræða byrjendanámskeið ásamt nokkrum stigum af framhaldsnámskeiðum. SÍMEY býður einnig upp á starfstengda íslensku fyrir erlent starfsfólk fyrirtækja.

Frekari upplýsingar www.simey.is, kristin@simey.is eða í síma 460-5720.

Icelandic for foreigners

SÍMEY offers a wide range of Icelandic courses for foreigners in Akureyri, Dalvík and in Fjallabyggð, at both beginners and several at advanced levels. In addition SÍMEY also offers job related Icelandic courses for foreign employees of local companies.

Note: Most unions offer refund (partly) on the course fee upon proof of payment and a diploma.

Further information www.simey.is, kristin@simey.is or call 460-5720.

Norska fyrir heilbrigðisstarfsfólk

Á námskeiðinu verður lögð áhersla á talað mál í daglegu lífi með áherslu á orðaforða sem tengist heilbrigðisstéttum. Einnig verður farið í grunn málfræðinnar og ýmsar netsíður sem nemendur geta nýtt sér til sjálfsnáms verða kynntar. Lögð verður áhersla á að þátttakendur geti lesið sér til skilnings (fréttir, leiðbeiningar og slíkt) og kynnist aðeins landi og þjóð. Námskeiðið verður sniðið að þörfum heilbrigðisstarfsfólks sem hyggur á vinnu í Noregi og geta þátttakendur á námskeiðinu einnig komið með óskir um umræðuefni og efnisþætti. Námsfni er útbúið af kennara.

Lengd: 16 klst.

Markmið: Að nemendur nái betra valdi á norsku, bæði í vinnu og við aðrar aðstæður. Að nemendur kynnist landi og þjóð í gegnum lestur og munnlegar æfingar.

Kennari: Bryndís Inda Stefánsdóttir.

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga og fimmtudaga frá 17. sept. - 10. okt. kl. 17:00-19:00

Verð: 29.500 kr.



Menntun skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana

Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni

Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins

Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum

Landsmennt

Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is



SKRIFSTOFUSKÓLINN

ALHLIÐA SKRIFSTOFUNÁM

Skrifstofuskólinn er ætlaður þeim sem vinna almenn skrifstofustörf eða eða þeim sem hafa áhuga á að ná frama í almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám. Tilgangur námsleiðarinnar er að auka sjálfstraust námsmanna til að takast á við almenn skrifstofustörf og stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til áframhaldandi náms. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum sem auðvelt er að yfirfæra á almenn skrifstofustörf.

Námsbrautin er unnin í samvinnu við símenntunarstöðina Framvegis og er styrkt af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysivinsælu námsbraut á 44.000 kr. í stað 199.000 kr. áður. Námið er 264 kennslustundir og er metið til allt að 18 eininga til stúdentsprófs.

Námið hefst 23. september.

Helstu námsþættir

- Sjálfstyrking og samskipti
- Námsstækni
- Tölvu- og upplýsingatækni
- Verslunar-reikningur og bókhald
- Enska
- Tölvubókhald

Alvöru bókhaldsnámskeið

Markmið okkar með Alvöru Bókhaldsnámskeiðinu er að veita nemendum góða þekkingu og þjálfun í ýmsum verkefnum sem koma fyrir í nútíma bókhaldsvinnu. Þannig verða þeir ekki aðeins færir um að mæta breyttum kröfum síðustu ára heldur geta einnig tekið virkan þátt í þeim nýjungum sem framundan eru.

Til að ná þessu marki höfum við lagt sérstaka áherslu á:

- Að námsefnið sé raunhæft
- Að kennarar hafi góð tengsl við atvinnulífið
- Að faglegum og nútímalegum vinnubrögðum sé beitt við námið

Námsefnið er samfelld röð raunverulegra fylgiskjala og speglar þar af leiðandi eingöngu raunverulega atburði og færslur, að skattframtali. Eftir merkingu fylgiskjalanna eru þau tölvufærð.

Bókhaldsnámskeiðið er ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tókum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem vinna við bókhald. Á námskeiðinu fá nemendur innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu.

Markmið námskeiðsins er að nemendur:

- Fá góðan skilning á helstu hugtökum fjárhagsbókhalds
- Verði færir um að merkja og flokka öll algeng fylgiskjöl t.d. vörukaup, húsaleigu, símkostnað, þjónustugjöld banka og FIT-kostnað
- Verði færir um að vinna ýmsar upplýsingar úr bókhaldskerfinu
- Kunni skil á sjóðbókarfærslum
- Læri að ganga frá uppgjöri og skilum virðisaukaskatts
- Læri undirstöðuatriði launaútreiknings og færslur hans í dagbók
- Læri að stemma af dagbókarlykla eftir hreyfingalistum og færa nauðsynlegar leiðréttingar
- Geti undirbúið uppgjör fyrirtækis
- Tileinki sér fagleg vinnubrögð við bókhald

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera mjög vel færir um að sjá um bókhald smærri fyrirtækja.

Lengd: 75 klst.

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Óskar Steingrímsson

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudagur og fimmtudagur 19:00-22:00. Hefst 17. september

Verð: 129.500 kr.

Nánari upplýsingar gefur Helgi Kristinsson í síma 896-5383

Markviss þarfagreining

Markviss er aðferðafræði þar sem megin áhersla er lögð á að stjórnendur og aðrir starfsmenn vinni saman að þeirri uppbyggingu sem þörf er á. Markviss býður upp á einföld verkfæri sem fyrirtækin geta notað og sniðið að eigin þörfum.

Fjöldmörg fyrirtæki bæði hér svæðinu og á Íslandi hafa náð góðum árangri í uppbyggingu fræðslumála með MARKVISS. Fjöldmargir endurmenntunarsjóðir hafa styrkt ráðgjöfina.

Fyrsta skrefið er að bóka stutta kynningu frá okkur, þér að kostnaðarlausu.

Hjá SÍMEY starfa 6 MARKVISS-ráðgjafar.

Sími 460 5720 eða simey@simey.is

Markþjálfun – Nýtt og öflugt verkfæri fyrir stjórnendur

Markþjálfun sem verkfæri eða hjálpartæki fyrir stjórnendur nýtur nú sífellt meiri vinsælda.

Aðferðafræði markþjálfunar hefur þegar sannað sig og nú eru æ fleiri stjórnendur að kveikja á hvernig þeir geta nýtt hana til að ná auknum árangri með einingu sína, þróað starfsfólk sitt betur áfram og gert starf sitt meira gefandi, auðveldara og skemmtilegra.

Á námskeiðinu er m.a. farið yfir:

Markþjálfun – hvað er það?

Markþjálfun sem öflugt verkfæri fyrir stjórnendur

Skoðuð mismunandi markþjálfunarmódel og hvað skiptir máli í hverju skrefi

Námskeiðið byggir á innlögn, umræðum og æfingum.

Lengd: 4 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur tileinki sér markþjálfun sem verkfæri

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Herdís Pála Pálsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudagur 18. sept. frá kl. 12:30 - 16:30

Verð: 30.000 kr.

Að lesa myndir og skilja eðli þeirra

Námskeið ætlað leik- og grunnskólakennurum

Um er að ræða kynningu á samþættingu námsgreina og myndlistar.

Tekin verða dæmi um verkefni í samþættingu og sköpun, með tilliti þroska barna og kynjaramma. Fyrirlestrar/verklegt.

Lengd: 12 klst.

Námsmarkmið:

Að skoða:

- Tilgang og hlutverk myndmenntarkennslu sem er margþætt og miðar að því að þroskasköpunargáfu, efla sjálfsvitund og auka menningarskilning nemenda.
- Gagnsemi samþættingar bóknámsgreina og myndlistar.
- Hvernig má virkja áhuga barna með því að samþættingu.
- Hvernig má læra með því að framkvæma.
- Hvernig listir geta hjálpað barni að skilja menningarlegan fjölbreytileika.
- Samþættingu og kynjaramma.

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Bryndís Arnardóttir (Billa)

Hvar: Listfræðslan, Sunnuhlíð 12

Hvenær: Kennt á fimmtudögum, kl. 13:00-16:00, 19. sept., 26.sept., 3.okt. og 10. okt.

Verð: 23.000 kr.

Jákvæð forysta leiðtogans

Hugvekja um eiginleika og aðferðir stjórnenda sem ná að vera leiðtogar sem veita starfsfólki jákvæða forystu. Meðal annars er fjallað um eiginleika, viðhorf og samskiptastíl stjórnenda sem eru jákvæðar fyrirmyndir á vinnustaðnum. Rætt er um jákvæða forystu og mikilvægi þess að leiða starfsfólk til þátttöku með hvetjandi tilgangi og framtíðarsýn, heiðarleika og vinnusiðferði, jákvæðu viðmóti og tilfinningum, uppbyggilegum samtölum, umhyggju og með fleiri góðar dyggðir að leiðarljósi.

Lengd: 6 klst.

Námsmarkmið: Aukinn skilningur á áskorunum í leiðtogahlutverkinu

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Steinunn Stefánsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Föstudagur 20. sept. frá kl.09:00-12:00 og 13:00-16:00

Verð: 26.500 kr.

Skrifstofuskólinn dagnám

Skrifstofuskólinn er ætlaður þeim sem vinna almenn skrifstofustörf eða þeim sem hafa hug á því að skipta um starfsvettvang. Tilgangur námsleiðarinnar er að auka sjálfstraust námsmanna til að takast á við almenn skrifstofustörf og stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til áframhaldandi náms. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efli sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum sem auðvelt er að yfirfæra á almenn skrifstofustörf.

Lengd: 150 klst.

Helstu námsþættir: Sjálfsstyrking og samskipti, námstækni, verslunarreikningur, nemendadagbók og markaðssetning, þjónusta, handfært bókhald, tölvubókhald, lokaverkefni, færni mappa og ferilsskrá og tölvu- og upplýsingaleikni.

Námsmat: Gerð er krafa um 80% lágmarksmætingu. Ekki eru lögð fyrir formleg próf en mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist til að ýta undir stöðugar framfarir hjá námsmönnum. Leiðbeinandi á að meta árangur námsmanna án þess að nota til þess hefðbundin próf. Í stað hefðbundinna prófa metur hann reglulega námsferlið og námsárangur og gerir hverjum og einum námsmanni grein fyrir niðurstöðum matsins.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4, Akureyri

Hvenær: Skrifstofuskólinn er kenndur alla virka daga frá kl. 9:00-12:00. Hefst 23. september og lýkur í desember 2013.

Verð: 44.000 kr.

Skrifstofuskólinn síðdegisnám

Skrifstofuskólinn er ætlaður þeim sem vinna almenn skrifstofustörf eða þeim sem hafa hug á því að skipta um starfsvettvang. Tilgangur námsleiðarinnar er að auka sjálfstraust námsmanna til að takast á við almenn skrifstofustörf og stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til áframhaldandi náms. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efli sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum sem auðvelt er að yfirfæra á almenn skrifstofustörf.

Lengd: 150 klst.

Helstu námsþættir: Sjálfsstyrking og samskipti, námstækni, verslunarreikningur, þjónusta, bókhald, enska, færni mappa og ferilsskrá og tölvu- og upplýsingaleikni.

Námsmat: Gerð er krafa um 80% lágmarksmætingu. Ekki eru lögð fyrir formleg próf en mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist til að ýta undir stöðugar framfarir hjá

námsmönnum. Leiðbeinandi á að meta árangur námsmanna án þess að nota til þess hefðbundin próf. Í stað hefðbundinna prófa metur hann reglulega námsferlið og námsárangur og gerir hverjum og einum námsmanni grein fyrir niðurstöðum matsins.

Kennarar: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 16:30-19:30. Hefst 23. september og lýkur í apríl 2013.

Verð: 44.000 kr.

Nú er lag, ef þig hefur alltaf langað! Fyrir eldri borgara

Myndlistanámskeið

Um er að ræða námskeið í teikningu og málun.

Farið verður í alhliða teikningu og greiningu grunnforma ásamt skyggingu hluta sem teiknaðir hafa verið með tilliti til rúmtaks og uppbyggingar. Einnig verður farið í litafræði, málun og myndbyggingu.

Fyrirlestrar/verklegt

Lengd: 36 klst.

Námsmarkmið: Að nemendur dýpki skilning sinn á umhverfinu og tileinka sér ýmsar aðferðir til þess að setja fyrirmyndir og hugmyndir sínar fram á skapandi sjónrænan hátt.

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Bryndís Arnardóttir (Billa)

Hvar: Listfræðslan Sunnuhlíð 12

Hvenær: Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 09:00-12:00, hefst 23. sept.

Verð: 57.500 kr.

Computers for beginners I – Tölvunámskeið fyrir útlendinga 1

Computer course for beginners.

In this course the student will learn how to handle and work with computers.

Some of the elements that will be explored during the course are:

- How does a computer work?
- What is needed to operate a Windows computer?
- The mouse, icons, desktop and different menus.
- What programs are built in and how are the most common ones used?
- How are documents saved and opened?
- What is the Internet?
- How does it work?
- What is the simplest form of usage?

The course will be taught in English and Icelandic

Length: 12 hours

Teacher: Vilberg Helgason

Where: SÍMEY, Þórsstíg 4

When: Mondays from 23th of September – 28th of October between 19:30 and 21:30.

Price: 25.500 kr

SÖLU- MARKAÐS- OG REKSTRARNÁM



Sölu-, markaðs- og rekstrarnám er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað nám fyrir þá sem vilja styrkja eigin rekstur eða þá sem hafa í hyggju að stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana, hvert hlutverk sölumannsins er, markaðsfræði með áherslu á vefinn og samfélagsmiðla, markaðsrannsóknir, samskipti við viðskiptavini, gerð sölu- og markaðsáætlana, gerð kynningarefnis o.fl. Tilgangur námsins er að veita námsmönnum tækifæri til að auka hæfni sína og bæta við sig lykilmælin á sviði sölu-, markaðs- og rekstrarmála. Einnig að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og gera þá hæfa til að vinna að nýjum hugmyndum. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og starfsfærni. Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum tengdum almennum sölu- og markaðsstörfum.

Námið verður kennt þrisvar sinnum í viku kl. 08:30-12:30 og hefst 14. október.

Helstu áfangar

- Hraðlestur
- Markmiðssetning og tímastjórnun
- Tölvu-og upplýsingatækni
- Sölu- og viðskiptatengsl og þjónusta
- Verslunarreikningur
- Almenn markaðsfræði og markaðsrannsóknir
- Samskipti, framsögn og framkoma
- Markaðssetning á samfélagsmiðlum
- Lykiltölur, lausafé og áætlanagerð
- Samningatækni
- Frumkvöðlafræði og fyrirtækjasmiðja
- Frumkvöðlafræði og fyrirtækjasmiðja
- Verkefnastjórnun
- Gerð viðskiptaáætlunar

Talnámskeið í ensku fyrir konur

Langar þig einfaldlega að bæta enskukunnáttu þína? Ert þú feimin að tala ensku fyrir framan aðra? Skelltu þér á enskunámskeið með konum, sem eru í sömu sporum. Í lok námskeiðs hefur þú aukið sjálfstraust til samskipta á ensku. Lögð er áhersla á að þjálfra ensku sem talað mál. Námskeiðið er byggt upp á líflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra ensku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður. Skipt er í litla hópa eftir getu hvers og eins.

Lengd: 16 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur öðlist sjálfstraust til að tala ensku

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Margrét Reynisdóttir

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga 24. sept. – 12. nóv kl. 18:00 -20:00

Verð: 29.500 kr.

Margrét gefur nánari upplýsingar um námskeiðið í síma 894-9881 eða í morehf@gmail.com

Talnámskeið í ensku fyrir karla

Langar þig einfaldlega að bæta enskukunnáttu þína? Skelltu þér á enskunámskeið með körlum, sem eru í sömu sporum. Í lok námskeiðs hefur þú aukið sjálfstraust til samskipta á ensku. Lögð er áhersla á að þjálfra ensku sem talað mál. Námskeiðið er byggt upp á líflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra ensku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður. Skipt er í litla hópa eftir getu hvers og eins.

Lengd: 16 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur öðlist sjálfstraust til að tala ensku

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Margrét Reynisdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudaga frá 26. sept - 14. nóv. kl. 19:30 – 21:30

Verð: 29.500 kr.

Margrét gefur nánari upplýsingar um námskeiðið í síma 894-9881 eða í morehf@gmail.com

Pólsk matargerð I

Pierogi, barszcz, golabki og makowiec, hvað er það eiginlega? Markmið námskeiðsins er létt kynning á pólskri matargerð í máli og myndum – það eru nefnilega ekki bara pylsur borðaðar í Póllandi!

Valdir réttir á borð við soð- og valmúfræskökur, rauðrófusúpu og kálvefjur verða eldaðir með hjálp þátttakenda. Námskeiðið er unnið í samstarfi við Alþjóðastofu.

Lengd: 5 klst. (2 skipti)

Kennari: Eva María Ingvadóttir og Krystyna Mackiewicz

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: 2 kvöld í byrjun/lok september kl. 19:30-21:30

Verð: 7.500 kr.

Spænska á Dalvík

Námskeið ætlað þeim sem vilja ná undirstöðu í spænsku. Á námskeiðinu er lögð jöfn áhersla á ritun, lestur, hlustun og talæfingar. Megináherslur námskeiðsins eru samræður í daglegu lífi, að skilja og gera sig skiljanlegan. Skemmtilegir tímar sem gefa innsýn inn í menningu spænskumælandi þjóða. Stuðst verður við fjölbreytilegt námsefni kennarans. Möguleiki er á framhaldsnámskeiði á komandi vori.

Lengd: 20 klst.

Námsmat: Munnleg endurgjöf kennara

Kennari: Berglind Rós Karlsdóttir

Hvar: Námsverið á Dalvík

Hvenær: Þriðjudaga og fimmtudaga 1.- 24. okt. kl. 19:00-21:30.

Verð: 31.000 kr.

Tölvunámskeið fyrir 60 ára og eldri

Þetta námskeið er ætlað öllum þeim sem vilja læra á tölvu frá grunni. Kennt verður á lykilorð tölvunnar, Internetið kynnt með áherslu á lestur blaða bæði nýrra og gamalla og sýnt verður hvernig tölvupóstur virkar.

Lengd: 12 klst.

Námsmarkmið: Læra á tölvu frá grunni

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Helgi Kristinsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Föstudaga, 11.okt.-15. okt. kl.10:00-12:00

Verð: 26.900 kr.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám (SRM nám) er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað nám fyrir þá sem vilja styrkja eigin rekstur eða þá sem hafa í hyggju að stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana, hvert hlutverk solumannsins er, markaðsfræði með áherslu á vefinn og samfélagsmiðla, markaðsrannsóknir, samskipti við viðskiptavini, gerð sölu og markaðsáætlana, gerð kynningarefnis o.fl.

Tilgangur námsins er að veita námsmönnum tækifæri til að auka hæfni sína og bæta við sig lykilmætti á sviði sölu-, markaðs- og rekstrarmála. Einnig að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og gera þá hæfa til að vinna að nýjum hugmyndum. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og starfsfærni. Námsaðferðir eru aðallega byggðar á hagnýtum viðfangsefnum tengdum almennum sölu- og markaðsstörfum.

Lengd: 273 klst.

Helstu námsþættur: Kynning og námsdagbók, námstækni, hraðlestur, markmiðasetning og tímastjórnun, tölvu og upplýsingatækni, sölutækni, viðskiptatengsl og þjónusta, verslunarreikningur, almenn markaðsfræði, samskipti, sjálfstraust, framsögn og framkoma, markaðsrannsóknir, excel við áætlanagerð, markaðssetning á samfélagsmiðlum, stafræn markaðsfræði, lykiltölur, lausafé og áætlanagerð, samningatækni, frumkvöðlafræði og fyrirtækjasmíðja, stofnun fyrirtækja, verkefnastjórnun, gerð kynningarefnis og gerð viðskiptaáætlana.

Markhópur: Ætlað þeim sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki og vilja vinna við sölu- og markaðsstörf eða stofna til eigin reksturs.

Námsmat: Á sér stað með verkefnavinnu, æfingum, símati og lokaverkefni

Kennari: Ýmsir kennarar á vegum SÍMEY

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Kennt tvisvar til þrisvar sinnum í viku frá kl. 08:30-12:30. Námið hefst 14.október.

Verð: 76.000 kr.

Listasmiðja eftir hádegi - Áhugi er allt sem þarf!

Megináhersla er lögð á að þátttakendur nái færni í grunnatriðum myndlistar og afli sér þekkingar og leikni með vinnu sinni. Þátttakendur efla skapandi hugsun og læra að fanga hugmyndir sínar sem þeir síðan útfæra á margvíslegan hátt. Þátttakendur kynnst einnig ýmsum aðferðum við framsetningu hugmynda sinna, notkun mismunandi áhalda og mikilvægi frágangs á myndverkum sínum. Námskeiðið byggist á fyrirlestrum, verklegri vinnu, vettvangsheimsóknum. Þátttakendur halda verkdagbók/skissubók á meðan á námskeiði stendur. Listasmiðja er ætluð einstaklingum 20 ára og eldri.

Lengd: 80 klst.

Kennari: Bryndís Arnardóttir (Billa), sem hefur áratuga reynslu af myndlistarkennslu ásamt því að starfa sem myndlistarmaður

Hvar: Kennsla fer fram í húsnæði Listfræðslunnar í Sunnuhlíð 12. Hámark 12 þátttakendur.

Hvenær: Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, 14. okt – 27. nóv kl. 13:00-16:00.

Verð: 22.000 kr.

Norska I

Á námskeiðinu er lögð áhersla á talað mál í daglegu lífi. Orðaforði tengdur ákveðnum aðstæðum er kynntur og hann síðan æfður með fjölbreyttum æfingum. Dæmi um aðstæður gætu verið; í búðinni, á kaffihúsi, í skólanum/leikskólanum og að panta tíma hjá lækni eða í klippingu. Einnig verður lögð áhersla á að geta lesið sér til skilnings (fréttir, leiðbeiningar og slíkt) og ýmsar netsíður sem nemendur get nýtt sér til sjálfsnáms verða kynntar. Þátttakendur á námskeiðinu geta einnig komið með óskir um umræðuefni og efnisþætti. Námsefni er útbúið af kennara.

Lengd: 16 klst.

Námsmarkmið: Að nemendur nái betra valdi á norsku og geti bjargað sér við einfaldar aðstæður.

Að nemendur kynnist landi og þjóð í gegnum lestur og munnlegar æfingar.

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Bryndís Inda Stefánsdóttir.

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga og fimmtudaga frá 15. okt. – 7. nóv. kl. 17 – 19

Verð: 29.500 kr.

Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn

Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn,-verði og mannauðsstjóra (vinnuverndarfulltrúa).

Vinnuvernd ehf. og Mannvit hf. standa fyrir námskeiði sem ætlað er vinnuverndarfulltrúum en þeim ber lögbundin skylda til að sækja slíkt námskeið. Markmiðið með námskeiðinu er að vinnuverndarfulltrúar öðlist grunnþekkingu á vinnuvernd í samræmi við lög nr. 46/1980.

Námsþættir: Lög og reglur í tengslum við vinnuverndarstarf, Áhættumat starfa,

Umhverfisþættir s.s. hávaða, lýsingu og loftgæði, Líkamlegir áhættuþættir,

Félagslegir og andlegir áhættuþættir s.s. einelti, streitu og kulnun, Hættuleg efni og efnafræðilegir skaðvaldar, Vinnuslys, atvinnusjúkdómar og líffæðilegir skaðvaldar,

Vélar og tæki, Heilsuefningu á vinnustaði

Leiðbeinendur námskeiðsins hafa áralanga reynslu af sérfræðiráðgjöf fyrir vinnustaði og einkennir sú reynsla námskeiðið. Auk þess sem sérstaklega er fjallað um brunavarnir, hönnun vinnustaða og heilsuefningu í fyrirtækjum.

Lengd: 15 klst.

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaginn 14. og þriðjudaginn 15. okt. kl. 8:30-16:00

Verð: 39.700 kr.

Njála og nútíminn – Ástin og útrásarvíkingarnir fyrr á öldum

Njáls saga hefur lengi verið ein alvinsælasta bók þjóðarinnar. Hún er ekki bara Íslendingasaga heldur tímalaus þverskurður mannlífs. Rætt verður um ástina og hjónabandið, stolt, sæmd, valdagræðgi, vináttu, hetjuskap, svik og ódæði svo eitthvað sé nefnt. Sífelld má finna nýjar hliðar á sögunni og persónum hennar. Kannski var Hallgerður langbrók ekki alslæm og hugsanlega var Gunnar á Hlíðarenda ekki þessi fullkomna hetja. Og hvað var Njáll hinn skegglaus að skipta sér af öllu? Hér verður ýmsum myndum brugðið upp til að leiða lesendur dýpra inn í heillandi sagnaheim. Ætlast er til að þátttakendur hafi lesið bókina þegar námskeiðið hefst.

Lengd: 12 klst.

Kennari: Stefán Þór Sæmundsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga 15. okt.- 19. nóv. kl. 19:00-21:00.

Verð: 21.000 kr.

Gott tölvunámskeið fyrir byrjendur

Gott námskeið fyrir þá sem vilja kynnast hinum ýmsu möguleikum tölvunnar. Á þessu námskeiði verður farið yfir möguleika Internetsins. Ýmsir gagnlegir og skemmtilegir vefir skoðaðir. Kennt verður hvernig leita má að upplýsingum á netinu og hvernig nota má netið til að þýða texta t.d. úr dagblöðum úr einu tungumáli yfir á annað. Jafnhliða verða kennd undirstöðuatriði í uppsetningu texta í ritvinnslu. Mismunandi möguleikar á útprentun af netinu kenndir.

Lengd: 12 klst.

Námsmarkmið: Læra á tölvu frá grunni

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Helgi Kristinsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga og fimmtudaga, 15.okt.-31. okt. kl.17:00-19:00

Verð: 26.900 kr.

Hagnýtt námskeið í verkefnastjórnun

Námskeiðið er grunnnámskeið í verkefnastjórnun og hentar fyrir alla sem taka þátt í verkefnum, stýra verkefnum eða vilja auka þekkingu sína á skipulögðum vinnubrögðum. Á námskeiðinu er fjallað um verkefni almennt og stjórnun verkefna frá upphafi til verkloka. Mikil áhersla er lögð á undirbúning verkefna og áætlanagerð, svo sem verkáætlun, tímaáætlun, áætlun um kostnað og fjármögnun. Þátttakendur fá þjálfun í að skilgreina verk og raða verkum, verkhlutum eða áföngum í skynsamlega tímaröð. Að námskeiðinu loknu eiga þátttakendur að þekkja til grunnatriða í verkefnastjórnun og eiga auðveldara með að takast á við fjölbreytt verkefni.

Lengd: 9 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur kynnist grunnþáttum í verkefnastjórnun

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Sigurður Steingrímsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudaga 16., 23. - 30. okt. kl. 13:00 - 16:00

Verð: 16.000 kr.

Áhugahvetjandi samtal

Áhugahvetjandi samtal („Motivational Interviewing“) er notað bæði með fullorðnum og unglingum sem gætu verið í þörf fyrir breytingar á lífsstíl eða hegðun. Sumir hafa hugsanlega ekki komið auga á þörf fyrir breytingar eða eru alfarið á móti þeim, á meðan aðrir hafa íhugað breytingar en eru á báðum áttum. Aðferðin sem hér er um að ræða miðar að því að virkja vilja skjólstæðinga til jákvæðra breytinga á lífsstíl og hegðun. Þátttakendur efla færni sína í að mæta skjólstæðingi þar sem hann er staddur, laða fram og ýta undir hugsanir og tillögur hans sjálfs um jákvæðar breytingar. Aðferðin byggist á skilningi á ferli samtalsins og vilja til samvinnu. Fagfólk sem tileinkar sér þessa aðferð eflir færni sína í að aðstoða fólk í að breyta hegðun. Mikilvægt einkenni áhugahvetjandi samtals er að forðast ákveðnar leiðir í samtalinu, eins og t.d. siðapredikanir, sem eru til þess fallnar að ýta undir móttþróa og draga úr vilja til breytinga. Borin er virðing fyrir sjálfstæði skjólstæðingsins, rétti hans og getu til að taka eigin ákvarðanir innan viðeigandi marka hverju sinni.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að áhugahvetjandi samtal ber árangur í bráðabjónustu og meðferðarvinnu með unglingum. Reynsla þeirra sem hafa lært og notað áhugahvetjandi samtal er að vinnan verður einnig þægilegri og afslappaðri, sem getur dregið úr líkum á kulnun í starfi.

Á námskeiðinu er farið yfir fræðilegan bakgrunn og grunnhugmyndir, en áhersla er lögð á æfingar. Fjallað er um kóðun á samtalsbútum og kóðunarkerfið MITI kynnt, en það kerfi tryggir gæði í framkvæmdinni og að aðferðin sé notuð rétt. Þátttakendur skila inn tveimur mislögum samtalsbútum (á stafrænu formi) til kóðunar á meðan á námskeiðinu stendur.

Lengd: 18 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur tileinki sér anda og grunntækni áhugahvetjandi samtals í aðstoða fólk í að breyta hegðun

Námsmat: **Munnleg endurgjöf frá kennurum**

Kennari: dr. Helga Sif Friðjónsdóttir, dr. Sveinbjörn Kristjánsson, Soffía Eiríksdóttir og Héðinn Svarfdal Björnsson

Hvar: SÍMEY, Pórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudagur 17. okt. og föstudagur 18. okt. frá kl. 09:00 - 16:00 og 8. nóv. frá kl. 09:00 - 12:30

Verð: 59.900 kr.

Styrkur þinn til náms



- Sveitamennt styrkir starfsmenntun innan sveitafélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar



Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is

Spegluð kennsla

Námskeiðinu skipt í fernt:

- Almennt um speglaða kennslu (flipped classroom), skilgreining, rök með og á móti, hvað þarf til o.s.frv.
- Kennarar lýsa reynslu sinni af speglaðri kennslu.
- Hópvavinna þar sem þátttakendur taka saman leiðir til speglunar.
- Þjálfun í upptökum.

Lengd: 4 klst.

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Kennarar frá Keili, miðstöð vísinda fræða og atvinnulífs

Hvar: SÍMEY

Hvenær: Föstudagur 25. okt. kl. 13:00-16:00

Verð: 15.500 kr.

Alþýðulist

Fræðimenn hafa skilgreint tímabilið frá siðaskiptum til upphafs 20. aldarinnar sem blómaskeið alþýðulistarinnar hér á landi. Til alþýðulistar telst hvers kyns handverk, svo sem útsaumur og vefnaður, útskurður í horn, bein og tré, silfursmíði og málun. Alþýðulist er skilgreind sem sú iðja sem fram fer á heimili manna og er einkum til skreytinga á nytjamunum heimilisfólksins og efniviðurinn er að mestu heimaþinginn. Skilgreiningin byggist á því að handverksfólkið sé að mestu ómenntað í listum en hafi kunnáttu sem gengið hefur mann fram af manni og getið af sér þjóðlegar hefðir í mynstrum og aðferðum. Á námskeiðinu verður fjallað um kvenbúninga og þróun þeirra, útsaumsgerðir og vefnað, og útskurð í horn, bein og tré.

Við lok námskeiðsins er miðað að því að þátttakendur hafi:

Öðlast góða innsýn í helstu greinar alþýðulistar, frá siðaskiptum til aldamóta 1900, öðlast innsýn í þær breytingar sem urðu við siðaskiptin í tengslum við listiðnað og handverk og tileinkað sér jákvætt viðhorf gagnvart íslenskum menningararfi.

Lengd: 3 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur kynnist alþýðulist á Íslandi

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Eyrún Óskarsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Föstudagur 1. nóv. kl. 19:00 - 22:00

Verð: 16.000 kr.

Íslenski krimminn – Glæpasögur og samfélagsmeinn

Hvers vegna eru glæpasögur svona vinsælar um þessar mundir? Farið verður stuttlega yfir sögu íslenskra glæpasagna og staldrað við helstu höfunda á blómaskeiði síðustu ára. Spjallað um tengsl sagnanna við raunveruleikann og hvernig höfundar benda á eða afhjúpa ýmis samfélagsmeinn. Eftirminnilegar persónur skoðaðar, bæði hetjur og skúrkar. Bækur bornar saman við kvikmyndir. Vangveltur um bókmenntalegt gildi glæpasagna og jafnvel skaðleg áhrif. Er loftbólán að springa eða heldur íslenski krimminn velli?

Lengd: 6 klst.

Kennari: Stefán Þór Sæmundsson

Staðsetning: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvar: 24. okt., 30. okt., 7. nóv. kl. 19:30-21:30

Verð: 13.000 kr.

Skref til sjálfshjálpar

Í náminu er áhersla lögð á að námsmenn kynnist mismunandi aðferðum við að hjálpa sér sjálfir til að bæta sig í lestri og ritun meðan á námskeiði stendur og eftir að því lýkur. Eitt af markmiðum námsins er að styrkja lestrar- og ritunarhæfni og auka þar með hæfni til starfs og áframhaldandi náms. Áhersla er lögð á að efla lesskilning, úthald við lestur og stafsetningarfærni. Námsmönnum er leiðbeint um mismunandi tækni, aðferðir og hjálpartæki, s.s. yfirlestrar- og leiðréttingarforrit. Sjálfstæði í verkefnavinnu, samvinna, félagsleg færni og sjálfstraust þátttakenda eru höfð í fyrirrúmi í öllum þáttum námsins.

Lengd: 40 klst.

Námsmat: Námsmenn gangast ekki undir formleg próf en til að fá fram hlutlægar upplýsingar um framfarir er staða í lestri og ritun metin í upphafi náms og svo aftur í lok námskeiðsins. Námsmenn taka þátt í námsmatinu með því að svara spurningum og taka þátt í umræðum um námið. Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Námsmaðurinn fær persónulega endurgjöf um námsframvindu.

Kennarar: Bryndís Arnardóttir og fleiri.

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Mánudaga og miðvikudaga, 28. okt. – 16. des. kl. 19:00-21:00.

Verð: 12.000 kr.

Sölu- og samningatækni

Stutt námskeið þar sem fjallað er um ráðgefandi sölutækni og grunnatriði samningatækni. Þátttakendur fá ýmis dæmi til að leysa eða ræða um og ættu að loknu námskeiði að vera færari í að greina kaupparfir, og selja viðskiptavinum það sem þeir vilja og þurfa þannig að bæði söluaðili og kaupandi hagnist og séu ánægðir með viðskiptin. Fræðsla og verkefni.

Lengd: 3 klst.

Námsmarkmið: Styrkjast í að selja og semja um vöru og þjónustu

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Steinunn Stefánsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Föstudagur 1. nóv. kl. 09:30 - 12:30

Verð: 14.000 kr.

Stjórnun og samskipti: Vinnustofa fyrir stjórnendur

Góðir stjórnendur stjórna með samtölum við fólkið og gera sér grein fyrir því að samtalið skiptir miklu máli til að ná fram gagnkvæmum skilningi á markmiðum og árangri í starfi.

Á vinnustofunni er fjallað um samskiptatengda þætti sem varða formleg og óformleg samtöl stjórnenda við starfsfólk. Lögð er áhersla á hvetjandi samskiptatækni sem beinir starfsfólki rétta leið hvað varðar bæði verkefni, starfsandann og liðsheildina. Samtöl sem stjórnandi og starfsmaður eiga sín á milli eiga sér til dæmis stað við ráðningu, á fyrri stigum starfa (nýliðabjálfun), við upplýsingagjöf, þegar breytinar eiga sér stað, í starfsmannasamtölum og frammistöðusamtölum þegar ræða þarf markmið og árangur, hvetja og veita endurgjöf með hrósi eða gagnrýni og jafnvel þegar ræða þarf viðkvæm eða persónuleg mál starfsmanna eða leysa þarf ágreining milli starfsfólks.

Lengd: 12 klst.

Námsmarkmið: Styrkja samskipti og samtalsækni við starfsfólk

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Steinunn Stefánsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudagur og föstudagur 4. nóv.- 5. nóv. frá kl.09:00 -12:00 og 13:00 - 16:00

Verð: 47.500 kr.

Computers for beginners II - Tölvunámskeið fyrir útlendinga 2

In this course the student will learn how to handle and work with computers in a slightly more advanced way. Some of the elements/programs that will be explored during the course are:

- Microsoft Word, a software application that enables word processing.
- How is text written, edited and saved in Word?
- Excel, a spreadsheet program that enables organizing, formatting and calculations of data.
- How is simple data calculated and how is simple data entered into the spreadsheets?
- PowerPoint, a presentation software program.
- How are slides created and how to apply f.ex. written text or images into them?
- What are the differences between the programs explored in the course?
- What is an object oriented program? And why is using one so much fun?

The course will be taught in English and Icelandic

Length: 12 hours

Teacher: Vilberg Helgason

Where: SÍMEY, Þórsstíg 4

When: Mondays from 4th of Novemer – 9th of December between 19:30 and 21:30.

Price: 25.500 kr

Excel fyrir byrjendur

Farið er í uppbyggingu töflureikna og áhersla lögð á verkefnavinnu. Uppsetning og viðhald einfaldra reiknilíkana ásamt útlitsmótun er kennd sem og mismunandi möguleikar á útprentun.

Lengd: 12 klst.

Námsmarkmið: Læra grunnatriði í Excel

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Helgi Kristinsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Miðvikudaga, 5.nóv.-27. nóv. kl.17:00-20:00

Verð: 26.900 kr.

Lífsspeki Hávamála

Hvað segja hin fornu Hávamál um mannleg samskipti, vináttu, drykkjuskap, græðgi, sjálfstæði, vitsmuni og heimsku? Hvernig skyldi þessari speki hafa verið tekið í karlmenskusamfélagi víkinganna og hvaða erindi eiga Hávamál við okkur í nútímanum? Er ekki með ólíkindum að við skulum geta lært margt af boðskap sem var settur fram fyrir meira en 1000 árum?

Lengd: 6 klst.

Kennari: Stefán Þór Sæmundsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Þriðjudaga 12. nóv. og 19. nóv. kl. 17:00-20:00

Verð: 13.000 kr.

Með fordóma! Ég?

Um er að ræða fyrirlestur þar sem dregin er upp skýring á staðalímyndum og fordómum. Leitast er við að svara spurningum einsog: Hvað eru staðalímyndir, hver er rót staðalímynda, hvernig birtast þær og hvenær erum við komin með fordóma.

Reynt verður að varpa ljósi á ólíkar tegundir staðalímynda og fordóma og hvað er hægt að gera til að minnka áhrif fordóma okkar og staðalímynda á það hvernig við dæmum og bregðumst við einstaklingum.

Lengd: 6 klst. (2 skipti)

Námsmarkmið: Að þátttakendur geri sér grein fyrir eigin fordómum og verði meðvitaðir um hvernig þeir eiga að bregðast við þeim

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Helgi Þ. Svavarsson

Hvar: Í fyrirtækjum, stofnunum eða félagasamtökum

Hvenær: Eftir samkomulagi

Verð: 20.000 kr.

Lætur þú ljúga að þér?

Meginviðfangsefnið er gagnrýnin hugsun, hvaða kröfur gerir hún til okkar? Hvernig má beita henni og hvenær? Hvernig get ég bætt mínar eigin skoðanir?

Þá verður fjallað um trúverðugleika: Skiptir máli hver talar? Hvernig vitum við hvenær rétt er að efast og hvenær rétt að treysta. Rætt verður um trúverðugleika heimildarmanna, gagna og talna. Er hægt að sýna fram á hvað sem er með tölum?

Loks verður farið yfir helstu mælskuþróð sem notuð eru í daglegri umræðu. Hvað einkennir þau og hvað er athugasvert við hvert og eitt þeirra. Með sama hætti verður farið í gegnum helstu rökfullur sem fólk gerir í samræðum og rökræðum. Þátttakendur munu læra að þekkja helstu mælskuþróð og rökfullur, læra að bregðast við þeim og forðast þær í eigin hugsun og máli.

Að síðustu verður fjallað um umræðuna á Íslandi með hliðsjón af efni námskeiðsins.

Lengd: 9 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur nái að tileinka sér gagnrýna hugsun, þjálf hana og beita í daglegu lífi

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Þórgnýr Dýrfjörð

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Nánar auglýst síðar

Verð: 17.000 kr.

Hetjan og vinnuhjúin: Námskeið í lýðræðislegum stjórnunarháttum

Aðalviðfangsefni námskeiðsins er að skoða mismunandi tegundir lýðræðislegra stjórnunarháttanna: Hvað merkir hugtakið? Hvað einkennir lýðræðislega stjórnunarhætti? Hvernig eru lýðræðislegir frábrugðnir hefðbundnum stjórnunarháttum. Skoðaðir verða forystuhættir kenndir við þjónandi forystu, virkjandi - breytandi forystu, lýðræðislega forystu og forystu án aðgreiningar svo eitthvað sé nefnt. Þá verða rædd áhrif mismunandi stjórnunarháttanna á starfsanda og virkni starfsfólks. Einnig verður þátttakendum gefinn kostur á að skoða hvaða stjórnunarstíll hentar þeim best.

Námið fer fram í fyrirlestra og umræðuformi.

Lengd: 6 klst.

Námsmarkmið: Að þátttakendur kynnist mismunandi hugmyndum um lýðræðislega stjórnunarhætti, kostum þeirra og göllum

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Helgi Þ. Svavarsson

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: Nánar auglýst á vefsíðu SÍMEY www.simey.is

Verð: 13.000 kr.

Kortagerð í Publisher

Þetta námskeið er ætlað þeim sem vilja læra að búa til persónuleg kort t.d. jólakort eða bara hverskonar tækifæriskort. Kennend verður uppsetning á kortum s.s. litablöndun, borðar, rammar og meðhöndlun eigin mynda.

Lengd: 4 klst. (2 skipti)

Námsmarkmið: Læra á tölvu frá grunni

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Helgi Kristinsson

Hvar: SÍMEY Þórsstíg 4

Hvenær: Fimmtudaga 14. nóv. og 21. nóv. kl. 17:00-19:00

Verð: 12.000 kr.

Eden hugmyndafræðin - í öldrunarþjónustu á Íslandi

Alþjóðlegt þriggja daga grunnnámskeið um Eden hugmyndafræðina, ætlað stjórnendum og starfsmönnum í öldrunarþjónustu. Námskeiðið gefur þátttakendum tækifæri til að kynnast og dýpka þekkingu sína á Eden hugmyndafræðinni. Unnið er með tíu grunnreglur Eden sem leita leiða til að skapa umhverfi og þjónustu sem gefur öldruðum tækifæri á að njóta sín þrátt fyrir heilsuþrest og skerta færni. Skoðað er hvers vegna og hvernig viðhorf og samskipti geta unnið gegn einmannaleika, vanmætti og leiða og samspil faglegrar og persónulegrar þjónustu í daglegu umhverfi aldraðra.

Lengd: 21 klst.

Forkröfur náms: Engar

Námsmarkmið: Að þátttakendur kynnist Eden hugmyndafræðinni

Námsmat: Munnleg endurgjöf frá kennara

Kennari: Rannveig Guðnadóttir og Helga Guðrún Erlingsdóttir

Hvar: SÍMEY, Þórsstíg 4

Hvenær: 20.- 22. nóv. kl. 09:30-16:30

Verð: 54.000 kr.

HELP – Nýjung í enskukennslu fyrir lesblinda

Við hjá SÍMEY höfðum lengi leitað að námsefni sem nýst gæti við kennslu í ensku fyrir einstaklinga með einhverskonar lestrar- og eða skriftarörðugleika. Það var svo fyrir tilviljun að við heyrðum af *HELP*-námskeiðunum í gegnum Guðrúnu Einarsdóttur sem búsett er í Kaupmannahöfn. Hún er lesblind og hafði loks á fullorðinsaldri fengið jákvæða og skemmtilega upplifun af enskunámi. Þess vegna ákváðum við hjá SÍMEY að þörf væri á námsferð til Kaupmannahafnar til að kynna okkur þetta frekar.

Það er óhætt að segja að við höfum verið ánægð með það sem við sáum og upplifðum í Skóla lesblindra í Kaupmannahöfn og að námsferðinni lokinni var ákvörðun tekin um að þýða námsefnið *HELP Start* yfir á íslensku og stefna á að hefja kennslu haustið 2013.

Námsefnið *HELP Start* hefur fengið mikið lof þeirra sem hafa nýtt sér það og aðferðafræði þess en námsefnið er upprunalega sænskt og skrifað af kennara að nafni Malin Holmberg. Kennslugögnin eru bæði hefðbundin, líkt og lesbækur, vinnubækur og glósubækur en einnig óhefðbundin líkt og töfluspjöld og hinar ýmsu æfingar en hið óhefðbundna liggur þó mest í aðferðafræði kennslunnar en þar er unnið út frá margvíslegri skynjun samhliða reglulegri endurtekningu. Mikið er lagt upp úr myndrænum tengslum við hvern bókstaf og að sama skapi við ákveðin hljóð sem síðan fá frekari merkingu með notkun sérstakra handahreyfinga. Það er einmitt þessi ólíka skynjun sem gerir það að verkum að nemandi sem áður náði engum tengslum við enska tungu og ritun hennar verður nú fær um að tengja og muna. Æfingar úr efninu eru svo bæði unnar undir handleiðslu kennara og/eða með gagnvirku námsefni í tölvu. Þessi nýja og fjölbætta nálgun hefur líkt og áður sagði sýnt fram á ótvíræðan árangur þeirra nemenda í bæði Danmörku og Svíþjóð og skólar þar haft mjög jákvæða reynslu af efninu og aðferðafræðinni sem hér um ræðir.

Við hjá SÍMEY teljum mikla möguleika fölgna í náms- efninu og aðferðafræði þess og hlökkum til að bjóða nemendum okkar upp á námskeið í *HELP Start*.

Herdís Ívarsdóttir, kennari.



Nemandi í HELP:


Ég kynntist *HELP* enskunámskeiðinu fyrir lesblinda í VUC skólanum í Roskilde, Danmörku. Ég er lesblind og hef aldrei getað stafað af öryggi á ensku, því fannst mér upplagt að prófa námskeiðið í *HELP*. Eftir fyrstu 30

mínúturnar af kennslunni í „*HELP A*“ varð ég mjög skeptísk á að þetta myndi hjálpa mér. Ég hef mjög góðan bakgrunn í ensku og fannst mér því hálf kjánalegt að láta kenna mér bókstafahljóðin, teikna mynd af hljóðunum og byrja síðan að „tappa“ 3 stafa orð eins og „C“ „A“ „B“, orð sem ég lærði í barnaskóla.

En eftir fyrsta tímunn skammaðist ég mín. Fyrir að hafa trú á að ég væri betri en þessi kennsla. Ég þurfti svo sannarlega á því að halda að læra bókstafahljóðin. Í dag, eftir að hafa farið í gegnum *HELP* þrepinn, er ég mun sjálföruggari í að skrifa og lesa ensku.

Eftir öll þessi ár mín við að rembast við að læra ensku er loksins komin einföld kennsluaðferð til að hjálpa fólki eins og mér. Því fannst mér að ég þyrfti að kynna þetta fyrir Íslandi og er ég mjög þakklát fyrir að SÍMEY hefur einnig trú á verkefninu. Því nú fáði þið tækifæri til að læra ensku á auðveldan og skemmtilegan hátt.

*Guðrún Eir Einarsdóttir,
M.Sc í Alþjóðasamningatækni.*



KJÖLUR
Stéttarfélag starfsmanna
í almannabjónustu

Fræðslusjóðir KJALAR

Fræðslusjóðir KJALAR stéttarfélags starfsmanna í almannabjónustu eru sjóðir félagsmanna og vinnuveitenda þeirra.

Fræðslusjóður KJALAR veitir styrki til einstaklinga til náms og símenntunar.

Mannauðssjóður KJALAR veitir styrki til sveitarfélaga og stofnana þeim tengdum.

Félagsmenn eiga einnig rétt á aðild að námskeiðum og þjónustu Fræðslusetursins Starfsmenntar www.smennt.is

KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannabjónustu vill að möguleikar félagsmanna til náms endurspeglar þarfir þeirra og að félagsmenn þekki almenn vel til þeirra kosta sem bjóðast. Sí- og endurmenntun á að vera almenn meðal félagsmanna. Félagið vill stuðla að því að menntunarmöguleikar bjóðist sem flestum. Allir félagsmenn eiga rétt til styrkja vegna náms.

Hvað vilt þú gera?

www.kjolar.is

Stutt starfstengd námskeið í boði fyrir fyrirtæki

Hópefli (60 mín)

Einelti/ áreitni á vinnustað (90 mín)

Tímastjórnun (60 mín)

Að sigra tölvupóstinn (120 mín)

Móttaka nýliða (90 mín)

Vinnuumhverfi - heilsa - lífstíll (60 mín)

Eflum starfsánægju og jákvæði á vinnustaðnum (90 mín)

Fordómafræðsla (90 mín)

Að takast á við breytingar (90 mín)

Ávinningur af stefnumótun (60 mín)

Að ná árangri með valddreifingu (60 mín)

Réttur maður á réttum stað!

Hver erum við sem vinnustaður? (90 mín)

Áhugahvetjandi samtalstækni (60 mín)

Hvatningarstjórnun (60 mín)

Pitt fyrirtæki/stofnun getur pantað eitthvað af þessum námskeiðum/fyrirlesturum og það verður aðlagð að vinnustaðnum. Staður og tímasetning er fundin í samkomulagi við aðila.

Við hjá SÍMEY leggjum áherslu á samstarf við atvinnulífið á Eyjafjarðarsvæðinu. Við bjóðum upp á sérsniðin námskeið, fyrirlestra, ráðgjöf og þarfagreiningar í þeim tilgangi að efla fyrirtækin og starfsmenn þeirra.

Við höfum reynslu í að aðstoða fyrirtæki við að finna styrkjámöguleika og leiðir til að fjármagna sí- og endurmenntun eða starfstengda þjálfun innan fyrirtækja.

Hafið samband í síma 460 5720 eða með tölvupósti á netfangið simey@simey.is



Þín leið til fræðslu

Ríkismennt styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni

Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna

Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur

Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar

 **Ríkismennt**

Ofanleiti 2, 5. hæð (A-hús) • 103 Reykjavík • sími: 599 1450 • fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is



Á ÉG AÐ
SKILJA ÞETTA?

Launaseðill

Kennitala
Útborgunardagur
Kjarasamningar
Staða
Starf
Launareikningur
Orlofsreikningur

Eining	Taxti
1.0000	182.427
10.31	1.721.87
	541.82

5.00%	3.040
6.00%	2.608
3.00%	4.927

Frádráttartíðir frá áramótum
Stafgræðsla
Inngjöld efl. fr. atg.
Persónuleikniður
Lg. skattum
Lg. skattum
Gættu! Þessi skjal er í eigu Eining-Íðja.

ER LAUNASEÐILLINN FLÓKINN?

Viltu aðstoð við að skilja hann?

Ef þú ert í vafa leitaðu þá eftir upplýsingum hjá félaginu.

Geymdu launaseðlana, með þeim getur þú sannað réttindi þín.

Kjarasamningar tryggja lágmarksrétt.

Eining-Íðja / 460 3600 / ein@ein.is / www.ein.is

Skipagötu 14 Akureyri / Ráðhúsinu Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð



Hafðu samband!